

GJALDSKRÁ

fyrir vatnsgjald, notkunargjald, mælaleigu og heimæðargjald í Ísafjarðarbæ.

Gjaldskrá fyrir vatnsveitu Ísafjarðarbæjar er byggð á lögum nr. 32/2004, um vatnsveitur sveitarfélaga og reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005.

1. gr.

Vatnsgjald.

Af öllum fasteignum í Ísafjarðarbæ sem tengdar eru vatnsveitu Ísafjarðarbæjar, ber að greiða vatnsgjald árlega til bæjarsjóðs, nema sérstaklega sé um annað samið.

2. gr.

Stofn til álagningar vatnsgjalds.

Stofn til álagningar vatnsgjalds skal vera 0,205% af fasteignamati íbúðarhúsa og -lóða, 0,30% af fasteignamati annars húsnæðis og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

3. gr.

Gjalddagar.

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist vatnsgjaldið með fasteignasköttum.

4. gr.

Aukavatnsgjald.

Auk vatnsgjalds skulu fyrirtæki og aðrir er nota vatn til annars en heimilisþarfa greiða auka-vatnsgjald sem hér segir:

Fyrstu 150.000 m ³	48 kr./m ³
Umfram 150.000 m ³	10% afsláttur
> 150.000-250.000 m ³	20% afsláttur
> 250.000-350.000 m ³	30% afsláttur
> 350.000-450.000 m ³	40% afsláttur
> 450.000-550.000 m ³	50% afsláttur
> 550.000 m ³	60% afsláttur

5. gr.

Mælaleiga.

Greiðendur notkunargjalds skulu árlega greiða mælagjald vegna leigu á vatnsmælum sem hér segir:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Mælaleiga kr. á ári</i>
að 20 mm	9.808
20-24 mm	13.817
25-31 mm	17.385
32-39 mm	20.769
40-49 mm	27.781
50-74 mm	83.478
75-99 mm	90.453
100 mm og stærri	97.442

6. gr.
Heimæðargjald.

<i>Utanmál</i>	<i>Inntaksgjald, kr.</i>	<i>Yfirlengd</i>
32 mm	373.442	7.989 kr./m
40 mm	484.924	9.104 kr./m
50 mm	653.995	10.220 kr./m
63 mm	917.820	12.632 kr./m
75 mm	1.283.823	17.643 kr./m
90 mm	1.552.995	27.862 kr./m

Yfirlengd reiknast af heimtaug sem er lengri en 25 metrar í lóð viðkomandi mannvirkis. Fyrir heimæðar 110 mm og víðari greiðist samkvæmt reikningi. Ef farið er með heimtaug í gegnum frágengna lóð greiðir húseigandi frágang samkvæmt kostnaðarverði. Ef frost/klöpp er í jörðu er heimilt að innheimta 25% viðbótarálag.

7. gr.
Ábyrgð á greiðslu gjalda.

Vatnsgjald og heimæðargjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur aðfararheimildar skv. 2. mgr. laga nr. 32/2004, sbr. 10. tl. 1. mgr. laga um aðför nr. 90/1989, og má gera aðför í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði. Notkunargjald og leigugjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum, má taka fjárnámi.

8. gr.
Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, staðfestist hér með samkvæmt 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og 11. gr. reglugerðar nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga. Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir vatnsgjald, notkunargjald, mælaleigu og heimæðargjald í Ísafjarðarbæ nr. 1345/2019.

Samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, 17. desember 2020.

Birgir Gunnarsson bæjarstjóri.